

Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari
Annáll skólaársins 2013-2014

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.

Annáll eins skólaárs í heimavistarframhaldsskóla getur orðið óendanlega langur. Hver dagur felur í sér eitthvert atvik sem hægt væri að fjalla um. Slíkt er hinsvegar ekki í boði hér, en í staðinn bendi ég á heimasíðu skólans þar sem er að finna fréttir og myndefni sem eiga að varpa ljósi á flest sem frétt næmt má teljast í skólalífinu.

Skólinn var settur 28. ágúst. Haustannarprófum lauk 18. desember, vorönn hófst 6. janúar og reglulegum prófum vorannar lauk 19. maí.

Skólinn var fullsetinn þennan veturinn eins og allmörg undanfarin ár, en nemendur í upphafi haustannar voru 171, 83 piltar og 88 stúlkur, 47 í 1. bekk, 53 í öðrum, 35 í þriðja og 36 í 4. bekk. Á þessu voru gengust síðan 162 nemendur undir vorannar- og stúdentspróf.

Í dag er brautskráðir 35 stúdentar, 19 af félagsfræðabraut og 16 af náttúrufræðabraut.

41 starfsmaður lagði sitt af mörkum í skólanum í vetur, 23 við kennslu og skólastjórnun og 18 sem sinntu öðrum störfum.

Hér ætla ég að tína fram nokkra fjölmargra þátta sem settu svip á veturinn.

Á haustdögum birti Mennta og menningarmálaráðuneytið á vef sínum skýrslu um úttekt á starfsemi skólans sem hafði að mestu verið unnin á vorönn 2013. Í flestum þáttum voru niðurstöðurnar afar jákvæðar fyrir starfsemina, en sannarlega komu fram gagnlegar ábendingar um það sem betur má fara. Ég leyfi mér að vitna hér örstutt í samantekt skýrslunnar:

Helstu styrkleikar skólans eru góður starfsandi og almenn tónangir starfsmenn, nemendur og foreldrar, heimavist hans, vel menntaðir kennarar og stærð skólans miðað við núverandi námsskipulag.

Á þriðja starfsári kórsins undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur tóku um 40% nemenda þátt, en kórinn bauð til söngkvölds í Skálholti í nóvember og vortónleika ásamt kór FSu í Selfosskirkju í lok apríl.

Árlegur kynningardagur skólans var haldinn í nóvember, en honum lauk með söngkeppninni Blítt og létt, þar sem **Magdalena Katrín Sveinsdóttir** sigraði annað árið í röð. Hún keppti síðan fyrir hönd skólans í söngkeppni framhaldsskólanna í apríl og komst í úrslit með hreint ágætri frammistöðu. Fjölmargir nemendur og hópar nemenda og jafnvel allur skólinn tók þátt í keppnum af ýmsu tagi. Sem dæmi um slíkt má nefna að skólinn sigraði í sínum flokki í Lífshlaupi framhaldsskólanna og hlaut gull í hreyfingarþætti Heilsueflandi framhaldsskóla.

Af afrekum einstaklinga má nefna að enn einu sinni komst **Þjóðbjörg Eiríksdóttir** í úrslit stærðfræðikeppni framhaldsskólanna.

Í lok janúar var kosið til nýrrar forystu í Mími. **Einar Ágúst Hjörleifsson** frá Fossi í Hrunamannahreppi er nýr stallari.

Dimissio hafði sinn stað 30. apríl og þar var flest í föstum skorðum, eins og við er að búast.

Skipulag síðustu kennsludaga og prófa riðlaðist nokkuð vegna verkfalls kennara og stjórnenda í framhaldsskólum. Við lok verkfalls tókst góð sátt um að breyta ekki dagsetningu brautskráningar og skólaslita, heldur bæta við kennsludögum eftir föngum og stytta prófatímann, auk þess sem tími til yfirferðar prófa og frágangs þrengdist. Endurtökupróf nemenda í 1. – 3. bekk verða síðan í næstu viku.

Ég veit ekki hvort það sést mikið á okkur hér í dag, en síðan skólinn fékk með formlegum hætti í fyrradag leyfi til að kalla sig fyrirmyndarstofnun, kraumar stoltið í okkur starfsmönnum og án efa einnig nemendum skólans á öllum tímum. Sannarlega sýndi úttektarskýrslan sem áður er nefnd auk

ýmissa kannana innanhúss, að andinn í stofnuninni er góður, en þessi formlega viðurkenning á því sem við vissum í raun, er afar mikils virði. Við munum halda áfram að vera til fyrirmyndar, eins og kostur er, og aldurinn leyfir.

Ég læt þá staðar numið þótt margt fleira eigi erindi í þennan annál.
Ég vil þakka samstarfsmönnum og nemendum fyrir hreint ágætt samstarf.

Ágætu verðandi nýstúdentar

Lífið er ferðalag með skilgreindan endapunkt, en samt ferð út í óvissuna. Fálmkennt skipulag eða markmið riðlast aftur og aftur. Hið óvænta verður sífellt á veginum og stöðugt þarf að vera reiðubúinn til að velja nýjar leiðir.

Á þessum stutta legg ferðar ykkar höfum við starfsfólkið og annað samferðafólk freistað þess að útbúa ykkur með nesti og ýmsan búnað fyrir þann næsta. Þið hafið valið í malinn og nú skulum við vona að þar hafi verið valinn margur góður og næringarríkur bitinn.

Næsti leggur kallar á ákvarðanir og skipulag sem aldrei fyrr. Flest ykkar munu aka greiða leið, önnur þurfa að velja lengri og krókóttari leiðir. Þegar upp er staðið verða það ekki leiðirnar sem úrslitum ráða, heldur ferðin sjálf.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á árunum sem leiðir okkar hafa legið saman.